

A 1807/presidiet

**Flytjandi** Blá framtíð  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um að bæta starfsskilyrði lögreglunnar á Norðurlöndum

### Tillaga

Blá framtíð leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að semja norræna framkvæmdaáætlun fyrir lögregluna í því skyni að finna lausnir á sameiginlegum vanda Norðurlanda hvað varðar úrræði lögreglunnar, viðhalda trausti almennings og vinna á nýjum ógnum.*

### Bakgrunnur

Öryggi á Norðurlöndum hefur undanfarið tekið örum breytingum og að mörgu leyti til hins verra. Lögreglan er það stjórnvald sem á friðartímum ábyrgist innra öryggi ríkisins. Hryðjuverk, undirróðurstarfsemi óvinveittra ríkja, stafrænir glæpir og aukin eiturlyfjamisnotkun grafa undan hinu innra öryggi.

Hvergi ríkir meira traust á öryggi samfélagsins og störfum stjórnvalda en á Norðurlöndum. Margir segjast enn bera traust til lögreglunnar, en um leið hefur öryggistilfinningu fólks í löndum okkar og trausti á skilvirkni í störfum lögreglunnar hrakað ógnvænlega. Samkvæmt nýrri könnun hafa 38 prósent Dana enga trú á að lögreglan komi sé hún kölluð til. Í Finnlandi bregst það í um það bil 10 prósentum tilvika að lögreglan komi þegar hún er kölluð til. Rannsókn um lögreglunnar á Norðurlöndum á svonefndum fjöldaglæpum hefur farið aftur svo um munar að undanfögnu og lögreglustarf er ekki eins sýnilegt og það var. Ástæðan er að lögregluna skortir úrræði.



Öryggistilfinningu íbúa hefur meðal annars hrakaði vegna þess að viðbragðstími við útköll hefur lengst og sýnileiki lögreglu minnkað. Aukið annríki verður til að færri lögregluþjónar eru úti á vettvangi. Í Svíþjóð hefur ofbeldi og sinnuleysi gagnvart lögreglunni orðið æ algengara.

Grípa þarf til aðgerða til að draga úr óttanum og efla traustið í samfélagi okkar á Norðurlöndum.

Helsinki, hinn 28. febrúar 2019

Ari Jalonen (bláum)  
Kari Kulmala (bláum)

Kimmo Kivelä (bláum)